Kæra starfsfólk félagmiðstöðva, framhaldsskóla og ungmennahúsa,

Sjúkást er verkefni á vegum Stígamóta um heilbrigð, óheilbrigð og ofbeldissambönd ungmenna. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða ungt fólk um mörk og samþykki, og hefur verkefnið skapað sér sess í forvarnastarfi skóla og félagsmiðstöðva. Á hverju ári senda Stígamót plaköt og annað efni á alla framhaldsskóla og félagsmiðstöðvar landsins, með ósk um að það verði kynnt fyrir hverjum nemendahópi.

Ýfirskrift herferðarinnar í ár er ***Sjúk flögg*** og hefur spil verið útbúið í þeim tilgangi að skapa umræður og hjálpa ungmenni við að endurskoða sína eigin hegðun, hegðun annarra og skerpa viðmiðin um heilbrigð og óheilbrigð samskipti.

Átakið byggir á reynslu sem bæði Stígamót og Sjúkást búa yfir og hafa fengið í gegnum fyrri herferðir, ráðgjöf og þá sérstaklega Sjúktspjall, en það er nafnlaust netspjall fyrir ungt fólk um sambönd, samskipti og ofbeldi sem opnaði árið 2022. Við hvetjum þinn starfsstað til að vekja athygli ungs fólks á herferðinni, Sjúktspjall, á vegasaltinu og sjálfsprófunum á vefsíðu verkefnisins: www.sjukast.is

Á hverju ári setjum við saman fræðslupakka sem starfsfólki skóla og félagsmiðstöðva er velkomið að nýta við að fræða sinn nemendahóp um ofbeldi, mörk, óheilbrigð og heilbrigð samskipti í samböndum.

Innihald fræðslupakkans 2025

- Glærusýning (Powerpoint)
- Handrit að glærusýningunni á PDF
- Upptaka á kynningu á fræðslupakkanum fyrir starfsfólk
- Drög að bréfi til forsjáraðila
- Veggspjöld herferðarinnar 2025 (2 útgáfur)
- Upplýsingar fyrir starfsfólk um hvernig eigi að taka á móti ofbeldi (þ.e. frásögnum ungmenna)
- Sambandsrófið og Kynlíf vs. kynferðisofbeldi (veggspjöld frá 2024, íslenska, enska og pólska)

Á www.sjukast.is, Instagram *sjuk.ast* og TikTok *sjuk.ast* er gagnlegt efni sem ykkur er frjálst að deila á ykkar samfélagsmiðlum. Hægt verður að kaupa fleiri eintök af spilinu Sjúk flögg á vefsíðu Sjúkást. Á síðunni er svo hægt að nálgast allt efnið sem fylgir herferð ársins sem og herferða fyrri ára ásamt heilmiklu fræðsluefni m.a. um sambönd, kynlíf, klám og ofbeldi.

Endilega hafið samband ef spurningar vakna.

Bestu kveðjur,
Svandís Anna Sigurðardóttir
Verkefnastýra fræðslu og forvarna
svandis@stigamot.is